

SKÓLANEFND ME

119. FUNDUR

miðvikudaginn 18. júní kl. 17:00

Mættir: Skúli Gunnarsson, Esther Ösp Gunnarsdóttir, Lára Vilbergsdóttir og Halldór Warén. Áheyrnarfulltrúar: Jóney Jónsdóttir og Jón Kristinn Arngrímsson. Guðrún Hlíðkvist fulltrúi nemenda mætti ekki. Jafnframt sátu fundinn Helgi Ómar Bragason skólameistari og Árni Ólason áfangastjóri. Sigríður Elva Konráðsdóttir á Vopnafirði ætlaði að vera í fjarfundi komst ekki í samband.

Formaður setti fund kl 17:18 eftir að útséð var með að fjarfundartenging næðist við Vopnafjörð. Gengið var til dagskrár.

Dagskrá:

1. Staðfesting fundargerðar 118. fundar

Fundargerð hafði verið send í tölvupósti eftir síðasta fund og samþykkt en var nú undirrituð af fundarmönnum.

2. Kosning formanns til eins árs

Skúli Björn Gunnarsson gaf kost á sér til endurkjörs og var kosinn með lófataki.

3. Innritunar- og gjaldskrármál

Skólameistari fór yfir innritanir. 76 nýnemar eru skráðir inn á fyrsta árið sem er heldur lakara enn á síðasta ári. Horfur eru samt á að nemendatölur verði um 280 í dagskóla á næsta hausti sem er fækkun upp á u.þ.b. tíu nemendur frá síðasta ári. Nemendaígildi eru 310 svo að miklu skiptir að halda í nemendur. Skólanefnd telur æskilegt að hafa árgangatölur grunnskólanna á Austurlandi til viðmiðunar og að meiri áhersla verði lögð á kynningu á skólanum fyrir austfirskum nemum.

Skólameistari kynnti minni háttar gjaldskrárbreytingar fyrir fundarmönnum. Þær voru samþykktar samhljóða.

4. Fjármál - rekstrarstaða í byrjun júní 2014

Við lok maí voru útgjöld skólans rúmum 8 m.kr. umfram fjárheimild. Þetta er m.a. vegna greiðslna til kennara vegna verkfallsloka og vegna fjarnema. Eftir er að bæta höfuðstól við fjárheimildir ársins. ME fékk aukafjárheimild nú í júní upp á 10 milljónir sem skýrist af aukafjárveitingu í kjölfar kjarasamninga við kennara. Áfram þarf þó að gæta aðhalds í fjármálum enda er fækkun í hópi nemenda alvarleg ógnun við rekstur skólans.

5. Starfsmannamál

Starfslýsing mannauðsstjóra

Skólameistari fór yfir starfslýsingu mannauðsstjóra sem hefur verið undirrituð. Elín Rán kemur til starfa upp úr 1. ágúst og þá verður verkefnum hennar forgangsraðað. Starfslýsingin verður síðan endurskoðuð á þriggja mánaða fresti enda um nýtt starf að ræða.

Staða ráðningarmála

Skólameistari kynnti stöðu ráðningarmála. Hann leggur til að Hlynur Ármannsson verði ráðinn í efnafræði og líffræði, Fjölur B. Hlynsson í listgreinakennslu, Sigrún Hólm ráðin í stærðfræði og viðskiptafræði, Árni Ólason í áfangastjórn og Viðar Hafsteinsson í íþróttakennslu. Enn vantar eðlis- og efnafræðikennara. Einum kennara hefur verið sagt upp vegna rekstrarlegra forsenda út af fyrirsjáanlegri nemendafækkun og hallarekstri á fyrri hluta árs. Vonandi þarf ekki að standa í frekari niðurskurði í starfsmannamálum.

Skólanefnd gerir ekki athugasemdir við þessar ráðningar og ráðstafanir skólameistara.

Ráðningar- og starfshlutföll kennara

Frestað til næsta fundar.

6. Skólanámskrá

Skólameistari kynnti umsögn skólafundar, sem haldinn var 28. maí, um einstaka þætti nýgerðrar skólanámskrár ME. Aðeins starfsmannastefna og áfallaáætlun eru enn í vinnsluferli. Skólafundur vísar drögum að skólanámskránni til skólanefndar og mælir með að tilbúnir þættir hennar verði samþykktir. Skólanefnd samþykkir fyrir sitt leyti þá þætti skólanámskrárinnar sem teljast tilbúnir og óskar starfsmönnum til hamingju með vel unnið starf. Skólanámskráin er aðgengileg á heimasíðu skólans.

7. Niðurstöður innra mats á skólastarfi 2014-2015

Skólameistari kynnti drög að skýrslu innra mats hóps skólans. Niðurstöður eru frekar jákvæðar á flestum sviðum og töluverðar breytingar til hins betra á milli ára. Lokagerð þessarar skýrslu verður birt á vefnum á næstu dögum.

8. Önnur mál:

a) Stofnun framhaldsdeildar á Vopnafirði

Afrit af bréfi frá menntamálaráðuneyti, dagsett 27. maí sl. til Foreldrafélags Vopnafjarðarskóla barst ME nýlega. Í því er greint frá því að 5 m.kr. séu tiltækar vegna stofnunar framhaldsdeildar á Vopnafirði á þessu ári og gert ráð fyrir að 10 m.kr. komi í verkefni 2015. Þetta bréf kemur full seint fyrir næsta skólaár þar sem nemendur eru búnir ákveða sína skólagöngu fyrir haustið. Formaður bar fundinum álit Sigríðar Elvu Konráðsdóttur, varamanns í skólanefnd og kennara á Vopnafirði á þessu. Að hennar mati

eru litlar líkur á að viðkomandi nemendur breyti sínum fyrirætlunum úr þessu. En peningarnir nýtast vonandi í undirbúning þessa þarfa máls á haustmánuðum. Skólameistari sagðist hafa rætt þetta við Elvar skólameistara VA og þeir hafi verið sammála um að ME myndi bera ábyrgð á þessari framhaldsdeild. Skólameistara falið að keyra málið áfram með það markmið að þetta samstarf komist á að fullu haustið 2015.

b) Ársreikningar styrktarsjóða

Ársreikningar Skólasjóðs Menntaskólans á Egilsstöðum og Menningarsjóðs prófasthjónanna á Hofi voru kynntir fyrir skólanefnd. Þeir hafa verið undirritaðir og greina m.a. frá ávöxtun síðasta árs. Skólasjóður stendur í 21,3 m.kr. og Menningarsjóðurinn í 4,7 m.kr. Samtals eru fjármunir þessara sjóða því um 26 m.kr.

Skólanefnd telur brýnt að breyta skipulagsskrám sjóðana þannig að þessir peningar verði tiltækir í þörf verkefni. Skólanefnd hefur rætt um hugsanlegar breytingar en tillögugerð býður hausts.

c) Kynningarmál

Rætt um leiðir í kynningarmálum skólans og hvernig menn gætu hagað þeim með skilvirkari hætti. Til stóð að vinna betur í þeim á vorönn en kennaraverkfall setti þær áætlanir úr skorðum.

- d) Formaður skólanefndar þakkaði nefndarmönnum og áheyrnarfulltrúum fyrir góð störf á liðnu skólaári og óskaði mönnum gleðilegs sumars. Fundadagskrá næsta vetrar verður lögð upp á fyrsta fundi eftir sumarfrí.

Fleira ekki rætt og formaður sleit fundi kl. 19.10.

Fundargerð ritaði Árni Ólason.